

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna afþreyingar- og ferðamannasvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis í landi Úthlíðar.

Skipulagsstofnun staðfesti 19. desember 2023 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. október 2023.

Í breytingunni felst að um 4,8 ha af verslunar- og þjónustusvæði VÞ15 í Úthlíð verður breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði AF36 þar sem heimild verður fyrir hjólhýsa- og tjaldsvæði. Verslunar- og þjónustusvæðið stækkar jafnframt úr 21 í 23,9 ha og frístundabyggð F78 minnkar lítillega af þeim sökum. Áform eru um byggingu gistiheimilis fyrir allt að 180 gesti og stækkun sundlaugarsvæðis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 19. desember 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 5. janúar 2024